

- 6. mál** **Fundargerð forsætisnefndar frá 26. febrúar**
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 22. febrúar
Fundargerðir íþróttá- og tómsundaráðs frá 5. og 12. febrúar
Fundargerð mannréttindaráðs frá 11. febrúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 22. febrúar
Fundargerð menntaráðs frá 24. febrúar
Fundargerðir skipulagsráðs frá 17. og 24. febrúar
Fundargerðir umhverfis- og samgönguráðs frá 9. og 23. febrúar
Fundargerðir velferðarráðs frá 10. og 12. febrúar

Ólafur F. Magnússon: Já, forseti. Ég skal reyna að vera stuttur og gagnorður. Ég legg fram svohljóðandi bókun vegna 3. liðar fundargerðar forsætisnefndar frá 26. febrúar sl.:

Ég minni á tillögu mína í borgarstjórn um að framlög til stjórnmalasamtaka í borginni verði felld niður vegna ársins 2010. Framlög þessi eru til þess fallin að auka enn frekar mismunun milli framboða til borgarstjórnar og hafa snúist upp í andhverfu sína þegar framlög ætluð borgarstjórnarframboði F-listans nýtast borgarmálunum á engan hátt.

Ég legg enn fremur fram svohljóðandi bókun, forseti, vegna 1. liðar fundargerðar umhverfis- og samgönguráðs frá 9. febrúar sl.:

Minnugur orða Sivjar Friðleifsdóttur frá árinu 1998 og kjörorðs Umhverfissvina frá árinu 1999 um að „náttúran njóti vafans“, legg ég til að máli þessu verði frestað að minnsta kosti fram á haust. Brynt er að nánari rannsóknir fari fram á umhverfisáhrifum framkvæmda við Elliðaár. Einnig þurfa borgarbúar á nýjum og umhverfissvænni meirihluta á að halda í borginni áður en afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar um lífríki Elliðaána.

Það lýsir sér sjálf í textanum um hvað er verið að fjalla þegar að verið er að tala um framkvæmdir og deiliskipulag vegna fyrirætlana á framkvæmdum á Fylkissvæðinu við Elliðaárna. En bókunin lýsir sér sjálf og varðar einmitt umhverfisáhrif framkvæmda við Elliðaár.

Loks legg ég fram vegna 4. liðar fundargerðar umhverfis- og samgönguráðs frá 9. febrúar sl. svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

Ég minni á að þeim 24 milljörðum kr., sem verið er til framkvæmda við tónlistar- og ráðstefnuhúsið við höfnina væri betur verið til annarra verkefna í borginni. Ég mótmæli nú sem fyrir þeirri siðlausu forgangsröðun sem fjórflokkurinn með sína 14 borgarfulltrúa stendur fyrir í þessu sambandi. Væri forgangsröðunin önnur mætti verja velferðina og öryggismálin í borginni og fjölga störfum við grunnþjónustuna í borginni, í stað þess að segja þeim upp störfum, sem síst skyldi. Að gefnu tilefni er spurt, hvort svokölluð „kynjuð hagstjórn“ fjórflokksins eigi

Bstj. 2. mars 2010

eitthvað skylt við þá forgangsröðun sem áður er lýst. Hugleiða þarf, hversu margar konur í umönnunar- og kennslustörfum missa einmitt vinnuna vegna forgangsröðunar fjórflokksins.

Ég legg fram svohljóðandi bókun vegna þessa liðar í dagskrá borgarstjórnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið ræðu sinni og lagt fram nokkrar bókanir. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls undir þessum lið [frammícall] og er umræðu um þennan lið lokið. Þá er tekin fyrir hér tillaga sem borist hefur til forseta sem er þannig: